



# Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun 2022-2025



# Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun 2022-2025

Hafnarstjóri ber ábyrgð á jafnréttisstefnu Faxaflóahafna. Mannauðsstjóri tryggir framgang stefnunnar.

Jafnréttisstefna stuðlar að jafnri stöðu og jöfnum rétti kynjanna innan félagsins.

## Tilgangur og umfang

Tilgangur jafnréttisstefnu Faxaflóahafna er að stuðla að jafnri stöðu og jafnrétti starfsfólks. Stefnan byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Stefnan tekur til allrar starfsemi Faxaflóahafna.

## Jafnréttisstefna

Allt starfsfólk Faxaflóahafna skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf.

Faxaflóahafnir vinna markvisst að jafnri stöðu starfsfólks í samræmi við jafnréttisáætlun sem miðar að því að Faxaflóahafnir sé góður og eftirsóknarverður vinnustaður fyrir alla.

## Markmið

- Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Laus störf standi öllum opin óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífskoðun, fötlun, skertristarfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.



- Að auka fjölbreytileika starfshópsins.
- Starfsfólki verði gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.
- Að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun verði aðgengileg öllu starfsfólki.
- Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verði ekki liðin.
- Koma í veg fyrir skaðlega vinnustaðamenningu og koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni

## Annað

Stefnan skal kynnt fyrir starfsfólki og vera aðgengileg á innri og ytri vef Faxaflóahafna. Aðgerðir, ábyrgð og tímarammi markmiða jafnréttisstefnu eru skilgreind í jafnréttisáætlun.

*Samþykkt á fundi stjórnar Faxaflóahafna sf. þann 24. júní 2022*

## Jafnréttisáætlun 2022-2025

Jafnréttisáætlun Faxaflóahafa fjallar um markmið og aðgerðir sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna sem kveðið er á í lögum nr. 150/2020.

### Launajafnrétti

Faxaflóahafnir gæta fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allt starfsfólk fær greidd jöfn laun og nýtur sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf.

**Markmið:** Að konur og karlar og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá fái jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnalaunastefna kynnt fyrir öðru nýju starfsfólki	Mannauðstjóri	Alltaf þegar nýtt starfsfólk er ráðið
Greina laun og fríðindi starfsmanna til að kanna hvort um kynbundinn launamun er að ræða.	Mannauðsstjóri	Lokið í maí ár hvert
Leiðrétta launin ef fram kemur óútskýranlegur munur á launum kynjanna	Mannauðsstjóri/ Hafnarstjóri	Lokið í október ár hvert
Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST 85:2012.	Stjórnendur	Lokið í október ár hvert
Jafnréttisáætlun rýnd og uppfærð ef þörf er á.	Stjórnendur	Lokið í desember ár hvert

## Ráðningar

Faxaflóahafnir miða að því að gæta fyllsta jafnréttis við ráðningu í ný störf og að val á starfsfólki sé óháð kyni. Auglýst störf skulu standa öllum kynjum opin til umsóknar.

**Markmið:** Laus störf standi öllum opin óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Í starfsauglýsingum sé hvatning til einstaklinga óháð kyni.	Mannauðstjóri	Alltaf þegar starf er laust til umsóknar

**Markmið:** Að auka fjölbreytileika starfshópsins.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Árleg greining á sókn kynjanna í sambærilegum störfum í endurmenntun og starfsþjálfun	Mannauðstjóri	Lokið í maí ár hvert
Skýringa leitað og endurbætur gerðar ef komi fram kynbundinn munur á sókn starfsfólks í endurmenntun og starfsþjálfun	Mannauðstjóri	Lokið í maí ár hvert

## Starfsþróun, fræðsla og endurmenntun

Starfsfólk Faxaflóahafna hefur tækifæri til starfsþróunar. Í því felst meðal annars þátttaka í vinnuhópum og námskeiðum til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf. Allt starfsfólk er hvatt til að sýna frumkvæði að endurmenntun og þátttöku í fræðslustarfi.

**Markmið:** Að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun verði aðgengileg öllu starfsfólki.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Öllu nýju starfsfólki kynntur sá réttur sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna við ráðningu	Mannauðstjóri	Alltaf þegar nýtt starfsfólk er ráðið
Farið yfir hlutverk og ábyrgð með starfsfólki í starfsmannaviðtölum.	Stjórnendur, Mannauðsstjóri	Lokið í maí ár hvert

## Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Faxaflóahafnir líða ekki kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni, mismunun eða fordóma af nokkru tagi. Komi upp aðstæður innan vinnustaðarins sem lýsa má með neðan greindum hætti skal haft samband við næsta yfirmann. Unnið er með sérhvert tilfelli og hlutaðeigandi aðilar studir til að leysa málin. Þyki ástæða til eru utanaðkomandi sérfræðingar fengnir til aðstoðar í samræmi við viðbragðsáætlun.

### Skilgreiningar

Þegar fjallað er um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni, þá er stuðst við eftirfarandi skilgreiningar. Þessar skilgreiningar byggja á gildandi lögum og reglugerðum:

**Kynbundið ofbeldi:** Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjóninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

**Kynbundin áreitni:** Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

**Kynferðisleg áreitni:** Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn eða líkamleg.

**Markmið:** Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verði ekki liðin.



Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Viðbragðsáætlunin kynnt fyrir öllu nýju starfsfólki við ráðningu	Mannauðstjóri	Alltaf við ráðningu nýs starfsfólks
Kynna fyrir starfsfólki Viðbragðsáætlun einelti, kynferðislegt áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi. Áætlun er aðgengileg á innri vef.	Mannauðsstjóri	Lokið í ágúst 2022

**Markmið:** Að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun verði aðgengileg öllu starfsfólki.

Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Reglubundin fræðsla fyrir stjórnendur og starfsfólk um kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni	Mannauðstjóri	Lokið í september ár hvert

## Endurskoðun

Hafnarstjóri hefur frumkvæði að því að endurskoða og uppfæra jafnréttisstefnuna og jafnréttisáætlun á tveggja ára fresti.